

Nýfjárfestingar 2014

Lagt er til að nýfjárfestingar samkvæmt framkvæmdaáætlun 2014 verði 400 miljónir og ekki komi til frekari lántöku vegna þeirra framkvæmda, samkvæmt sveitarstjórnarlögum er skylt að stefna að því að skuldahlutfall sveitarfélagsins fari niður fyrir 150% innan 10 ára samkvæmt framlagðri áætlun en hlutfallið er nú yfir 250%.

Megináhersla er á að hefja byggingu 1. áfanga leikskóla við Bjarkavelli 3, undirbúa framkvæmdir við Ásvallabraut, ljúka frágangi í nýbyggingarhverfum auk ýmissa smærri verkefna svo sem stígagerð ofl.

Greinargerð:

Áhersla er á að hefja byggingu 1. áfanga leikskóla við Bjarkavelli. Fyrirhugaðri fjölgun nemenda í Hraunvallaskóla verði mætt með rýningu á möguleikum þess að nýta betur núverandi húsnæði annars vegar og hinsvegar með því að nýta tímundið laust húsnæði í nágrenni skólans, t.d. safnaðarheimili Ástjarnarsóknar eða Félagsaðstöðu Hauka.

Fyrsti áfangi vegtengingar þar sem Ásvallabraut tengist Kaldárselsvegi hefjist enda ljóst að um mikilvæga samgöngubót að ræða fyrir íbúa hverfisins og fyrirhugaða uppbyggingu í Skarðshlíð

Ekki verði ráðist að sinni í framkvæmdir uppá 600 miljónir við byggingu íþróttahúss og skólastofa við Áslandsskóla. Unnið verði að því á fræðsluviði í samráði skólastjórnendur í nærliggjandi skólum að finna viðunandi lausn á tímabundnum húsnæðisvanda skólans.

Hafnar verði viðræður við forsvarsmenn FH um aðkomu félagsins að lokafrágangi hússins. Þar verði sérstaklega horft til frekari nýtingar á mannvirkinu með aðkomu annara sveitarfélaga.